

Til Sveitarstjórnar Flóahrepps

Pingborg

803 Selfoss

Efni: Óveðursáætlun Flóaskóla.

Fræðslunefnd Flóahrepps hefur fjallað um óveðursáætlun Flóaskóla á tveimur fundum sínum, þann 25.október og 15. nóvember s.l.

Fræðslunefnd hefur efnislega verið sammála um útfærslu á óveðursáætlun á báðum fyrrgreindum fundum. Á fundi sínum þann 15.nóvember sl. var áréttað sérstaklega að í óveðursáætlun sé tekið fram að skólastjóra er heimilt að loka skóla og aflýsa öllu skólahaldi ef aðstæður vegna veðurs eða ófærðar kalli á það. Fræðslunefnd ber fullt traust til skólastjóra Flóaskóla til að meta aðstæður og þörf á því hverju sinni.

Benda má á að aðstæður geta verið þannig að óábyrgt sé að hvetja fólk óbeint til ferðalaga með börn sín í skóla þegar t.a.m. Almannavarnir eða lögregla hvetja til þess að fólk sé ekki á ferli og óeðlilegt að skólastjóri geti ekki samkvæmt óveðursáætlun aflýst öllu skólahaldi.

Veðuraðstæður geta verið þannig t.d. í ofankomu eða skafrenningi að ekki er gerlegt að ryðja snjó af vegum eða halda þeim opnum. Þá er mjög óeðlilegt að ekki megi loka skóla skv.óveðursáætlun. Einnig má benda á að við slíkar aðstæður kemst starfsfólk ekki til skóla og þá er óábyrgt af skólanum að skuldbinda sig til að taka við nemendum og bera ábyrgð á þeim.

Til samanburðar má benda á óveðursáætlanir í skólum í nágrennasveitarfélögum sem fela skólastjóra að loka skóla ef aðstæður vegna óveðurs eða ófærðar kalla á það.

Meðfylgjandi er uppfærð óveðursáætlun í samræmi við fundargerð fræðslunefndar Flóahrepps frá 15.nóvember 2022.

Tún, 24.nóvember 2022

F.h. fræðslunefndar Flóahrepps



Bjarni Stefánsson

formaður





## Viðbragðsáætlun vegna ófærðar og/eða óveðurs



Skólaflytjari tekur ákvörðun um það hvort skólaakstur fellur niður vegna ófærðar og/eða óveðurs, samkvæmt skilgreiningum almannaavarna, í samráði við skólabílstjóra. Skólaflytjari getur jafnframt flýtt/seinkað heimakstri eða fella niður akstur á tiltekinni akstursleið vegna ófærðar og/eða óveðurs í samráði við skólabílstjóra. *Ef skólaakstri er aflýst verður ekki um hefðbundnið skólastarf að ræða þann dag. Skólaflytjari getur aflýst skólalagði og lokað skólanum ef ófærð eða óveður kallar á það.*

### Skólaakstri aflýst

Ákvörðun um hvort skólaakstri er aflýst er tilkynnt að morgni hvers dags eins fljótt og auðið er. SMS skilaboð eru send forráðamönnum og starfsfólki. Starfsfólk metur í samráði við skólaflytjóra hvort og hvenær það kemst til vinnu. Tilkynning er sett inn á heimasíðu skólans ([www.floaskoli.is](http://www.floaskoli.is)) eins fljótt og auðið er.

### Röskun á skólaakstri á einstökum leiðum

Ef upp koma aðstæður þar sem ekki er hægt að komast á skólabíl heim að einstökum bæjum vegna ófærðar og/eða óveðurs hefur bílstjóri samband við viðkomandi forráðamenn. Foreldrum ber að láta skólabílstjóra vita ef heimreið er ófær og ekki hefur borist tilkynning um röskun á skólaakstri. Ef skólabílstjóri metur aðstæður með þeim hætti að fella verði niður skólaakstur á hans akstursleið hefur hann samband við skólaflytjóra eins fljótt og auðið er. SMS skilaboð eru send til forráðamanna og röskun á skólaakstri tilkynnt. Frekari upplýsingar um hvaða akstursleiðir falla niður eru settar inn á heimasíðu skólans ([www.floaskoli.is](http://www.floaskoli.is)) eins fljótt og auðið er.

### Heimferð flýtt / seinkað

Ef flýta eða seinka þarf heimferð vegna óveðurs eða slæmrar veðurspár (**appelsínugul viðvörðun hjá Veðurstofu Íslands**) fá foreldrar SMS skilaboð með tímasetningu heimferðar. Tilkynning er einnig sett inn á heimasíðu skólans ([www.floaskoli.is](http://www.floaskoli.is)) eins fljótt og auðið er. Samband er haft við foreldra barna í 1. – 4. bekk, til að ganga úr skugga um að einhver taki á móti þeim, áður en skólabílar leggja af stað frá skóla.

### Ábyrgð foreldra / forráðamanna

Mikilvægt er að foreldrar / forráðamenn fylgist með veðurspá og tilkynningum frá skóla. Hafa verður í huga að veður getur þróast með ófyrirséðum hætti og aðstæður verði mismunandi eftir svæðum í hreppnum.

Mikilvægt er að foreldrar sendi börn sín aldrei í skólann ef þeir telja aðstæður hugsanlega ógna öryggi barnanna. Við slíkar aðstæður tilkynna foreldrar fjarveru barna sinna til skólans í síma 486-3460 eða með tölvupósti á netfangið: [floaskoli@floaskoli.is](mailto:floaskoli@floaskoli.is)